

EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Bakkaf Bakkafjörður



Dags eftirlits	24.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Langanesbyggð Bakkaf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þorri Friðriksson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Unnsteinn Árnason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik voru skráð í eftirlitinu en þrjú eldri frávik eru ennþá útistandandi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsferð á urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði þann 24. september 2022. Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kvartanir
- Stjórnvaldssektir
- Gangsetning og stöðvun rekstrar
- Umfang starfseminnar (1.2)
- Ábyrgðatrygging (2.9)
- Spilliefni (3.3)
- Varnir gegn lyktarmengun (3.4)
- Daglegur frágangur (3.11)
- Skýrslugjöf (4.4)
- Skoðunarferð

- Pegar eftirlitið fór fram voru útistandandi þrjú eldri frávik. Ekki hefur verið bætt úr neinu þeirra
 - Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun. Skráningar vegna tl. 6-11 í gr. 4.1 voru ekki tiltækar við eftirlit.
 - Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga sbr. gr 4.1 fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum hefur ekki verið skilað.
 - Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstaðnum er heimilt að taka á móti og urða úrgang. Nokkuð var um úrgang í geymslu á urðunarstaðnum, en ekki er heimild í starfsleyfinu fyrir geymslu úrgangs.
- Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist til rekstraraðila eða Umhverfisstofnunar síðan síðasta eftirlit fór fram.
- 3-4. Upplýsingablað um gangsetningu og stöðvun rekstrar ásamt upplýsingablaði um stjórnvaldssektir voru afhent rekstraraðila í eftirlitinu.
- Upplýsingar um umfang starfseminnar var ekki til staðar í eftirlitinu.
- Rekstraraðili sendi að eftirlitinu loknu staðfestingu á gildri ábyrgðatryggingu
- Í eftirlitinu kom fram að nánast engin spilliefni komi á urðunarstaðinn.
- Rekstraraðili notast ekki við lyktareyðandi efni til varnar lyktarmengun heldur er allur illa lyktandi úrgangur hulinn þekju efni strax við móttöku.
- Rekstraraðili urðar eftir þörfum og hylur úrganginn í lok dags. Úrgangur sem hætta er á að fjúki er aldrei skilinn eftir opinn yfir nótt.
- Engar skýrslur hafa borist til Umhverfisstofnunar samanber kröfur í gr. 4.4 í starfsleyfinu fyrir 1. maí. Að eftirlitinu loknu bárust úrkomugögn og niðurstöður vöktunarmælinga fyrir grunnvatn. Í niðurstöðurnar vantaði gildi fyrir hitastig og súrefnisþörf. Vöktunarmælingum fyrir yfirborðsvatn var ekki skilað. Engum öðrum gögnum samanber gr. 4.1 punkt 1-9 hefur verið skilað.
- Keyrt var um svæðið og aðstaðan skoðuð.


ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að allir aðilar sem koma að starfseminni hafi kynnt sér starfsleyfið og séu meðvitaðir um þær skyldur sem þar koma fram.

Reykjavík, 12.10.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Kristín Kröyer